

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 67. fundur haldinn mánudaginn 8. desember 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Setning fundar

Fundur settur kl. 16:15 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Kirkjugarðurinn í Saurbæ í Eyjafirði

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins í Saurbæ í Eyjafirði sem hann hafði unnið í samráði við kirkjugarðsstjórn Laugalandsprestakalls og Argos arkitekta.

Tillagan gengur út á það að hlaða vegg úr torfi og grjóti eins og var upphaflega þegar núverandi torfkirkja var reist 1858 og endursmíða sáluhlið einnig í upphaflegri mynd. Kirkjugarðaráð lýsti yfir ánægju sinni með þessar hugmyndir og samþykkti þær fyrir sitt leyti.

### 3. Kirkjugarðurinn á Dalvík

Guðmundur Rafn kynnti tillögu að stækkun kirkjugarðsins á Dalvík og gerir hún ráð fyrir 486 nýjum kistugröfum og 94 duftgröfum. Tillagan er unnin í samvinnu kirkjugarðsstjórnar og sveitarfélagsins sem mun sjá um að gera landið grefartækt.

Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemdir við stækkunina, en vísar að öðru leyti til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu þar sem fjallað er um ákvarðanir um nýjan kirkjugarð og stækkun á eldri gördum.

### 4. Kirkjugarðurinn í Úthlíð í Biskupstungum

Lögð fram munnleg fyrirspurn um möguleika á stækkun á niðurlagða kirkjugarðinum í Úthlíð í Biskupsstungum. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

### 5. Kirkjugarðurinn í Keflavík - ágreiningur

Kirkjugarðasambandi Íslands barst erindi í tölvupósti frá aðstandanda vegna ágreinings um frátöku á leiði í duftgarðinum í Keflavíkurkirkjugarði. Þórsteinn Ragnarsson formaður KGSÍ áframsendi erindið til Kirkjugarðaráðs. Samþykkt var að hann og framkvæmdastjóri færu á fundi með aðstandendum og fulltrúum kirkjugarða Keflavíkur til að finna lausn á málinu.

### 6. Næsti fundur

Næsti fundur, sem er úthlutunarfundur Kirkjugarðaráðs vegna ársins 2009, ákveðinn 16. febrúar kl. 10:00.

**7. Önnur mál**  
Engin

Fundi slitið kl. 18:05.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari